

Ár 1980, föstudaginn 5. desember, var í málínu nr. 17/1980
kveðinn upp af Yfirlasteignamatsnefnd svohljóðandi

ú r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að með bréfi, dags. 14. ágúst 1980, var
kært út af því fyrir hönd eiganda fasteignarinnar nr. 3 við Banka-
stræti í Reykjavík, að lóð eignar þessarar væri of hátt metin.
Er á það bent í bréfinu, að lóðin sé bæði lítil og illa nýtt, og
beri því að lækka mat hennar, eins og þar er nánar rökstutt.

Í umsögn Reykjavíkurborgar um fasteign þessa segir svo:

"Samkvæmt upplýsingum byggingarfulltrúa er nýting lóðarinnar nú
0.81 að meðtöldum kjállara, en skipulag gerir ráð fyrir nýtingunni
1.5 á þessum stað og munu flestar lóðir í nágrenninu vera nýttar enn
meira.


A árinu 1970 sótti eigandi Bankastrætis 3 til skipulagsnefndar
um leyfi til að stækka húsið eða byggja nýbyggingu á lóðinni, en með
bréfi dags. 17. desember 1971, sem fylgir hjálagt í ljósriti, fór for-
satsráðuneytið fram á, að nýbygging á lóðinni yrði ekki leyfð án sam-
ráðs við það.

Frekar mun ekki hafa verið aðhafst í málínu síðan."

Umrædd lóð er $420,9 \text{ m}^2$. Á henni standa þrjú steinsteypt hús.
Hið elsta þeirra er byggt 1881 og er 760 m^3 að stærð. Hin húsin tvö
eru bæði talin byggð 1929 og er annað þeirra 144 m^3 en hitt 168 m^3 .
Lóðin er verðmæt legu sinnar vegna. Hagkvæmustu nýtingu lóðarinnar
verður hins vegar ekki komið við, nema húsin verði rifin og byggt
á henni á ný. Hefur ekki verið sýnt fram á, að slíkar framkvæmdir séu
eiganda óheimilar að lögum. Með hliðsjón af aðstöðu lóðarinnar að
þessu og öðru leyti og í byggingar- og skipulagslegu tilliti telst
matsverð hennar hæfilega ákveðið kr. 110.460.000.- í fasteignamati
því, sem tók gildi 1. desember 1979.

Ú R S K U R Ð A R O R Ð :

Lóð fasteignarinnar nr. 3 við Bankastræti í Reykjavík telst
hæfilega metin á kr. 110.460.000.- í fasteignamati því, sem tók gildi
1. desember 1979.


Gaukur Jörundsson

Pétur Stefánsson


Guðmundur Magnússon

Réttu útskrift staðfestir:

FASTEIGNAMAT RÍKISINS
